

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. maí 2013
Tilvísun: UST20130300170/bs


Útivistarsvæði við Kerhól-Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 25. mars 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Umhverfisstofnun telur að leggja skuli tröppur í stað rampa ef þess er nokkur kostur og leggja áherslu á afturkræfni framkvæmda. Kanna ætti hvort draga mætti úr ágangi með því að hafa einungis tvo til þrjá útsýnisstaði í gígnum við enda göngustíga í stað hringleiðar. Forðast ætti að slóðir myndist utan göngustíga, ef til vill með girðingum. Við lagningu göngustíga ætti að huga að ásýnd gígsins sem er áberandi kennileiti. Taka mætti dæmi af hvernig til hefur tekist við Grábrók í Borgarfirði þar sem stjórn umferðar fótgangandi hefði mátt vera mun betri. Einnig mætti kanna hvort betur færi að nýta slóð sem fyrir er að Hólaskarði í stað gönguleiðar frá bílastæði.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur